

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 4. maí 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um jöfnun samkeppnisstöðu framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni með endurskoðun á reglum ÁTVR. (357. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér endurskoðun á reglum ÁTVR um afhendingarstað.

Viðskiptaráð fagnar allri endurskoðun sem leitt getur til bættrar samkeppnisstöðu fyrirtækja á Íslandi. Frumvarp það er hér liggur fyrir er ætlað jafna stöðu fyrirtækja á landsbyggðinni með því að taka til endurskoðunar reglur um móttöku og dreifingu ÁTVR.

Í reglum ÁTVR er kveðið á um að afhendingarstaður vöru, bæði frá innlendum framleiðendum og innflytjendum, skuli vera í vöruhúsi ÁTVR. Regla þessi felur í sér að fyrirtæki, hvort sem staðsett eru á höfuðborgarsvæðinu eða á öðrum landshlutum, skuli koma vörum sínum í vöruhús ÁTVR séu þær ætlaðar til sölu í verslunum ÁTVR. Fyrir fyrirtæki sem staðsett eru á landsbyggðinni getur þetta fyrirkomulag falið í sér töluverðan kostnað vegna flutnings umræddra vara en sá kostnaður leggst, eðli málsins samkvæmt, ekki eins þungt á þau fyrirtæki sem staðsett eru á höfuðborgarsvæðinu. Það er þessi mismunur á kostnaði vegna flutnings sem höfundar frumvarpsins vísa til í tillögu sinni til endurskoðunar á umræddum reglum.

Í mars 2009, kom ÁTVR að hluta til móts við þau fyrirtæki sem staðsett eru utan höfuðborgarsvæðisins með viðbót við gildandi reglur með heimild til að semja við birgja um afhendingu á vörum á öðrum dreifingarstöðum sem eru þá tilgreindir af ÁTVR. Nú þegar hefur þessi heimild verið nýtt þar sem allir íslenskir framleiðendur, sem ekki eru staddir á höfuðborgarsvæðinu, hafa fengið skilgreind nærsvæði, þar sem afhending er á starfsstöð og flutningur á þau svæði því á vegum ÁTVR. Það sem stendur eftir er flutningur umræddra fyrirtækja til svæða sem ekki eru skilgreind sem nærsvæði og er þá aðallega um að ræða vörur sem ætlaðar eru til sölu á höfuðborgarsvæðinu, enda er það stærsta markaðssvæði framleiðenda og birgja.

Þær breytingar sem gerðar voru á reglum ÁTVR í mars 2009 girða ekki fyrir að samkomulag verði gert um stærra svæði en það nærsvæði sem þegar hefur verið skilgreint, enda um opna heimild að ræða í reglunum. Því ber hér að athuga sérstaklega hvort ástæða sé til þess að leggja fyrir fjármálaráðherra að reglur ÁTVR verði endurskoðaðar, enda heyrar þessar reglur undir ÁTVR en ekki ráðherra og þegar hefur verið opnað fyrir heimild til að semja við birgja um aðra afhendingarstaði.

Annað sjónarmið sem verður að virða í þessu er það óhagræði sem skapast getur vegna einnar afhendingarstöðvar vöru fyrir ÁTVR. Sú staða getur því komið upp að vara flytjist fleiri kílómetra en þörf er á og því sé um að ræða mun meiri flutningskostnað fyrir hvorn aðila fyrir sig en nauðsynlegur er. Svo dæmi sé tekið þá er vara sem er framleidd á Akureyri send, á kostnað framleiðanda, til Reykjavíkur í vöruhús ÁTVR, 388 kílómetra. Viðkomandi vara var hins vegar ætluð til sölu á Ísafirði og er hún því flutt, á kostnað ÁTVR, til Ísafjarðar, eða 456 kílómetra. Samtals hefur þessi vara því verið flutt um 844 kílómetra vegalengd í stað þess að flytjast um 567 kílómetra frá

Akureyri til Ísafjarðar. Mikið óhagræði felst í þessu fyrirkomulagi fyrir alla aðila og ætti því frekar að beina tilmælum til ÁTVR að vinna með birgjum í frekari hagræðingu í flutningi.

Virðingarfyllt,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands